


LISTIR



SÓLSKINSBLETTUR á heiði eftir Erlu Axels.

Hughrif í náttúrunni

MYNDLIST

Norræna húsið

MÁLVERK/ERLA AXELS

Opíð 14 til 18 alla daga nema mánu-daga. Aðgangseyrir 200 kr. Sýningunni lýkur 18. október.

Í NORRÆNA HÚSINU sýnir Erla Axels nú olíumálverk, en hún hefur á undanförunum fimmtán árum sýnt í ýmsum helstu söfnum og sýningarsölum landsins og síðast sýndi hún í Norræna húsinu árið 1984.

Myndirnar á sýningunni eru margar, fjórutíu og sex alls, og eru þær flestar um fermetri að stærð svo þétt er raðað á veggina. Myndir Erlu eru innblásnar af náttúrunni og hún leitast við að fanga þar flókið samspil forma og litbrigði landslagsins. Aðeins fimm myndanna bera titla sem tengja þær við ákveðna staði enda er það greinilega ekki ætlun Erlu að apa eftir landslaginu, heldur frekar að vekja hughrif sem við getum orðið fyrir andspænis náttúrunni hvar sem er, sama hvað hún heitir. Þetta krefst óhjákvæmilega mikillar yfirlegru og nákvæmra vinnubragða og því miður skortir nokkuð uppá í mörgum myndum Erlu að þær nái að magna upp sterka tilfinningu fyrir töfrum

þess fjölbreytta umhverfis sem hún tekur sér að myndefni.

Líklega kemur þar margt til, en einkum virðist liturinn í meðförum hennar of mattur og grunnur til að í honum geti lifnað sú birta sem þarf, ef undan er skilin myndin „Morgunmunstur“ þar sem skærblátt vatnið sem er miðja myndarinnar skín djúpt og ögrandi í dökku landslagi. En í flestum myndunum eru litfletir stórir og litbrigði máluð frekar gróft. Þegar hlutir í forgrunni myndar eru málaðir með þessum hætti – til dæmis fjall – fellur öll bygging myndarinnar og athygli áhorfandans beinist frá myndefninu að einstökum pensilföllum og litaskilum.

Í sumum myndum gengur aðferð Erlu þó vel upp, einkum þar sem bætt er við landslagið svo í því vaknar saga eins og í myndunum „Slept“ og „Furðuverur“ þar sem fallhlífastökkvarar svífa í himninum yfir fjalli. Þessar myndir og „Morgunmunstrið“ sem áður var getið sýna hve áhugaverðar landslagsmyndir Erlu geta verið og því flýgur manni í hug hvort ekki hefði verið betra að hafa færri myndir á sýningunni, eða jafnvel að hafa færri myndir undir í vinnslunni og leggja þá meira í hverja.

Jón Proppé

Kvöld símfóníunnar

TÓNLIST

Háskólabíó

SINFÓNÍUTÓNLEIKAR

Flutt voru verk eftir Þorstein Hauksson, Rakhmaninov, Debussy og R. Strauss. Einleikari: Cristina Ortiz Stjórnandi: Petri Sakari. Fimmtudagurinn 15. október, 1998.

TÓNLEIKARNIR hófust á verki eftir Þorstein Hauksson, sem hann nefnir Bells of Earth og er nafnið tilvísun til myndlistarverks í Japan. Tónvefur verksins er mjög þéttur, svo að vart má greina að einstaka tónferli hljóðfæranna, sem oft er einnig byggt á samskipan liggjandi tóna. Þessi óræði samhljómur er svo afmarkaður með mjög sterkum áherslum slaghljóðfæranna. Tölvuhljóðin voru stíllt allt of veikt og hljómuðu því eins og bakgrunnur á móti miklum hljómi hljómsveitarinnar. Undir lokin hljóma jarðar-klukkurnar og þykkur hljómmassinn stefnir í einn tón, sama tón og í klukkunum, sem smám saman hljóðnar. Þetta er kraftmikið verk, þétt og skýrt í formi, frumstætt og jarðarlegt hljóðverk, vel unnið og var sannfærandi í góðum flutningi sveitarinnar.

Annað viðfangsefni tónleikanna var annar píanókoncertinn eftir Rakhmaninov, sennilega frægasta verk hans, er rekja má til stefja verksins, sem eru einstaklega lagræn og þannig útfærð sérstaklega fyrir hljómsveitina, að þau „syngja“, með svipuðum hætti og t.d. C-dúr stefið frága í þeirri fyrstu eftir Brahms. Með þessu móti nær Rakhmaninov að skapa píanóinu skemmtilegar andstæður og þrátt fyrir að hlutverk þess sé á köflum erfitt í útfærslu, verður það minna áberandi en oftlega í svonefndum „píanókoncertum“, þar hljómsveitin er oft nánast í hlutverki undirleikara.

Cristina Ortiz er skemmtilegur píanisti og lék verkið í heild með glæsibrag og á köflum einstaklega fallega, þó hún ætti ekki, þar sem mest gekk á fyrir hljómsveit



CRISTINA Ortiz er skemmtilegur píanóleikari og lék 2. píanókoncert Rakhmaninovs með glæsibrag, segir m.a. í dónum.

inni, afl til að halda í við hljómsveitina að öllu leyti.

Þriðja viðfangsefnið er eftir Debussy, en það voru tveir fyrstu þættirnir, Ský og Hátíð, úr Næturljóðunum, er hann samdi um 1900. Þriðji þátturinn, Hafgúrnar, er einnig saminn fyrir kór „án orða“ og því oft sleppt, þegar verkið er flutt á tónleikum. Þarna má heyra ýmislegt í rithætti fyrir hljómsveit og mótun tónhugmynda, sem síðar gat að heyra í verkum Stravinskis, t.d. í Vorgblóti, er var samið 1913. Lokaverkið var Rósariddara-svitan eftir R. Strauss, glæsilegt hljómsveitarverk, sem er safn ýmissa atriða úr samnefndri óperu, þar sem heyra má stef forspilsins, innkomu rósariddarans, dúettinn á milli Soffiu og Oktavíusar og síðast en ekki síst brot úr völsunum frágu og ástardúettinum í lokin.

Hljómsveitin, undir stjórn Petri Sakari átti marga góða

spretti, sérstaklega í Debussy, þar sem tær ritháttur hans naut sín oft mjög vel og sömuleiðis í Rósariddara-svítunni, sem var þó helst til hrá í byrjun. Ýmislegt í þessari óperu þykir minna á Tristan, eftir Wagner og ástar-dúett Soffiu og Oktavíusar í lokin, bera í sér eitthvað sem rekja má til Mozarts og jafnvel Schuberts en er, þegar betur er að gáð, eka Richard Strauss. Svítan er skemmtileg að allri gerð og engin furða þó valsastefin hafi orðið vinsæl, enda útsetti höfundurinn valsana sérstaklega skömmu eftir frumfyrirspurn óperunnar. Nærri lá að frumuppfærsla óperunnar yrði „fiaskó“, vegna framkvæmdaörðugleika en hljómsveitarstjórnin Max Reinhardt bjargaði sýningunni, þegar allt virtist vera komið í strand. Þetta var kvöld hljómsveitarinnar og Petri Sakari, er blómstraði í Næturljóðunum og Rósariddara-svítunni.

Jón Ásgeirsson

MYNDLIST

Listasafn Íslands

MÁLVERK/SKÚLPTÚR ÝMSIR

Opíð 11 til 18 alla daga nema mánu-daga. Aðgangseyrir 300 kr. Sýningin stendur til 18. október.

AFSTRAKSJÓN í málverki á sér rætur í listrænum umbrotum fyrsta áratugar þessarar aldar og breiddist hratt út um Evrópu að lokinni fyrri heimsstyrjöldinni, en ekki er hægt að segja að hennar gæti í íslenskri listasögu fyrr en heilli kynslóð seinna, upp úr 1950. Þá nær hún hins vegar afar sterkum tókum á íslenskum listamönnum og um nokkurt skeið má segja að hrein afstraksjón sé nær allsráðandi, að minnsta kosti í verkum yngra fólks. Það hvers vegna Íslendingar tóku svo seint við sér og hvers vegna þeir heilluðust þá svo mjög eru spurningar sem vakna þegar skoðuð er yfirlitssýningin „Draumurinn um hreint form“ í Listasafni Íslands.

Að nokkru leyti er svarið að finna í sögu meginlandsins þar sem afstraktlist átti í upphafi mest ítök í Þýskalandi og í Rússlandi. Á fjórða áratugnum einangruðust listamenn í þessum löndum og urðu fyrir barðinu á íhaldssömum valdhöfum; í Þýskalandi fordæmdi Hitler afstraktlistina og kallaði hana úrkynjaða og í Sovétríkjum Stalíns var hún látin víkja fyrir nýjum realisma. Blómaskeið afstraktsins milli

stríða var því stutt þótt þessi nýja hugsun hefði gífurleg áhrif meðal myndlistarmanna. Upp úr rústum seinni heimsstyrjaldarinnar reis svo París á ný sem höfuðborg listanna. Þangað leituðu myndlistarmenn, skáld og fræðimenn, og tóku upp þráðinn að nýju eftir hörmungar stríðsins. Árið 1945 hélt Nelly, ekkja afstraktmálarans og arkitektsins Theos van Doesburg, sýningu sem hún nefndi „Art concret“ þar sem sýnd voru verk eftir marga helstu forvígismenn afstraktsins, Domela, Herbin, Mondrian, Kandinski, Täuber, Arp og Pevsner. Árið eftir var sett á laggirnar stofnun sem fékk nafnið Salon des Réalités Nouvelles sem átti eftir að hafa mikil áhrif á íslenska listamenn, sem margir tóku síðar þátt í sýningum undir þessum titli. Þar var sýnd geómetrisk afstraktlist eins og menn höfðu iðkað hana fyrir heimsstyrjöldina og í fyrsta sinn náði þessi listhugsun almennri viðurkenningu. Árið 1950 var opnaður skóli í geómetriskri afstraktlist í rue de la Grande-Chaumi'ere, höfuðvagi hefðbundinna lista. Þar með var afstraksjónin orðin að akademískri, viðurkenndri list.

Um þetta leyti stefndi hugur ungra íslenskra listamanna til Parísar eins og annarra og margir þeirra héldu þangað í lok fimmta

áratugarins og í upphafi þess sjötta. Þessir listamenn fluttu síðan afstraktlistina heim til Íslands aftur. Áhrifanna gætti fyrst á Septembersýningunum 1947 og 1948, en árið 1951 sýndi Valtýr Pétursson fyrst verk í anda hreinnar geómetríulistar. Á Septembersýningunni ári seinna höfðu síðan margir bæst í hópinn, þau Nína Tryggvadóttir, Þorvaldur Skúlason, Kjartan Guðjónsson, Guðmundur Andréðóttir, Karl Kvaran, Sverrir Haraldsson og Hjörleifur Sigurðsson. Öll höfðu þau drukkið áhrifin í sig í París, líkt og Gerður Helgadóttir, Eiríkur Smith, Benedikt Gunnarsson, Hörður Ágústsson og Jóhannes Jóhannesson.

Greinilegt var að geómetrían höfðaði mjög til þessa unga fólks, en það mætti allharðri andstöðu heima. Bæði almenningur og stjórnmál höfðu þessari nýju list í fyrstu illa og auk þess voru margir eldri listamenn henni mjög andsnúnir. Þessi viðbrögð áttu eflaust stóran þátt í því hve róttækur þessi hópur varð og af hve mikilli einurð afstraktlistamennirnir héldu fram skoðunum sínum, jafnvel svo að sumum fannst sem hér væri á ferðinni einhvers konar hreintrúarstefna eða fanatík. Það er hins vegar auðvelt að gera sér í hugarlund hvað listamönnum ungu hefur

þótt það mikil forpökun af löndum sínum að kunna ekki að skoða list sem var þá fyrir löngu orðin viðurkennd og virt alls staðar annars staðar í Evrópu. Í þeirra huga snerist baráttan aðeins um að færa Íslendinga inn í nútímann.

Öld geómetriskrar afstraksjónar eða hreinflatarlistar stóð í um áratug á Íslandi og það er tímabilið sem sýning Listasafns Íslands fjallar um. Á henni má sjá verk eftir tuttugu íslenska listamenn, en auk þeirra sem þegar er getið eiga Ásgerður Búadóttir, Ásmundur Sveinsson, Bragi Ásgeirsson, Gunnar S. Magnússon og Svavar Guðnason verk á sýningunni. Þá eru þar verk eftir Þrjá erlenda listamenn, Auguste Herbin, Richard Mortensen og Victor Vasarely. Val verkanna hefur verið vandad og verk fengin að láni víða að, úr opinberum söfnum og einkasöfnum, til að fylla út í heildarmyndina. Verkin draga vel fram stíleiginleika hvers listamanns fyrir sig og þar má líka sjá vel hvernig geómetríumálverkið þróaðist frá því að þeir fyrstu fóru að fást við það og þar til yngri menn á borð við Braga Ásgeirsson og Hafstein Austmann komu til sögunnar.

Hluti sýningarinnar er helgaður arkitektúr, enda er það fyrst í húsagerð sem nútímaleg viðhorf

geómetríunnar berast til Íslands, um tveimur áratugum áður en þeirra verður vart að ráði í myndlistinni. Þar voru á ferðinni Gunnlaugur Halldórsson, Ágúst Pálsson og Einar Sveinsson, ásamt fleiri ungum arkitektum. Á fjórða og fimmta áratugnum voru hús með þessu sniði byggð víða í Reykjavík og annars staðar og eru nú gjarnan kennd við funksistefnu, þótt fleiri viðhorf hafi verið á ferðinni. Arkitektúrinn er mikilvæg viðbót við sýninguna því vissulega var það ekki aðeins í málara- og höggmyndalist sem hin nýja sýn blómstraði, heldur ekki síður í hvers konar hönnun, húsagerð og húsgagnasmíði.

Stór skrá fylgir sýningunni og á hún eftir að vera mikilvæg heimild um þetta merka tímabil í íslenskri listasögu þótt full ástæða sé til að meira verði gefið út um efnið. Í skrána skrifa greinar þau Júlíana Gottskálksdóttir, Pétur H. Ármannsson, Gunnar J. Arnason og Ólafur Gíslason, auk þess sem birt er grein eftir Þorvald Skúlason frá árinu 1955.

Hreinflatarlistin varð að vika fyrir nýjum straumum þótt nokkrir listamenn þróðu hana áfram. En þar með er ekki sagt að hún hafi orðið úrelt eða hætt að skipta máli. Tímabil hennar var eitt hið frjóasta í íslenskri listasögu og með henni má segja að í fyrsta sinn hafi Íslendingar náð að færa sig inn að megintraumi evrópskra lista.

Jón Proppé

Nútíminn kemur